


# HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

3. blað.



Henrik Ibsen.

## Henrik Ibsen.

Miðvikudaginn 23. Maí síðastl. kom sú frétt frá Kristjanía í Noregi, að heimsfræga og góðkunna skáldið Hinrik Ibsen væri dáinn. Hann hafði látizt þann sama dag á heimili sínu, þar í borginni kl. 2.30 e. h.

Frétt þessi þótti miklum tíðindum seta, því nú um síðastliðinn aldarfjórðung hefir enginn þótt betra skáld en hann um allan hinn mentaða heim. Var eins og mikið af hinni fornu dýrð Noregs hefði risið upp frá djúpi liðinna alda og ríkið hafist til virðingar fyrir afreksverk þessa ágæta sonar.

Hvenær sem getið var um Noreg, var það oftast af því að ræðan hné að bókmentamálum og þá sérstaklega að ritverkum skáldanna tveggja Björnsons og Ibsens. Fyrir annað er Noregur ekki frægur í seinni tíð. En það er líka oft sem Noregs er og verður getið á þann hátt í skjölum og ritum meðal erlendra þjóða.

Noregur níttjándu aldarinnar er nokkurnveginn eins staddur og má hrósa sér á líkan hátt og Mendelsohn bankastjóri, — að hann sé sonur föður síns, Moesesar gamla Mendelsohns, en faðir sonar síns, Mendelsohns, tónskáldsins mikla. — Hann er sonur Nors og faðir Ibsens. —

Við lát skáldsins sló almennum söknuði yfir þjóðina. Allir æðstu menn landsins keptu um að láta sorg sína og hluttekningu í ljósi við ættmenni hans, og í virðingarskyni við minningu hans, var öllum leikhúsum landsins lokað þann dag til morguns. Var það og tilhlýðilegt, því aðalstarf skáldsins er innifalið í leikritasafni hans, sem bæði er mikið og mikils vert. Og í þeim er öll hans kenning um „heillir lands og þjóðarmening“. En þótt undir dánardægrið Ibsen ætti miklum vinsældum að fagna, þá var það þó á annan veg lengi framan af. Hann þótti lítt við almanna skap og það sem sárast var segja of ótvírætt til syndanna. — En enginn syndari vill að syndin sé kölluð synd. Og sjálft þjóðarvelsæmið unír því illa að farið sé svo með óskabörn sín, sem það er búið að ala upp í trú og von


og kærleika í hundruð ára.

Það er véspjöll og sá sem goðum spillir er sekur um goðgá. —

Öll leikrit hans ganga út á að skoða félagslífð og athafnir þess, er helgaðar voru með valdi vanans,—trúar og siðfræðis líf kristnu menningarinnar. Og við þær rannsóknir hlífði hann engu, hvorki kreddu né kenningu, kjólskrýddum klerki né mussubúnum bónda. Fáum hefir hepnast, að leiða eins ljós drög að því og honum, hve litið allar mannlífsins kenningar eiga undir sér, og hafa við smátt að styðjast í ríki sannleikans, og hve heimskulegt það er að ætla einni að sitja yfir annari í trú og siðum þjóða, þegar ekki er tekið fult tillit til kringumstæða einstaklinganna né afstöðu atvika-anna.

Í ritverkum sínum drap hann á flest það, er dýpstar rætur á í siðum og trú, trúarjátningar, hjúskaparmál, sambúð karla og kvenna, arfgengi lasta og kosta, velsæmis hugsjónna, eins og hún er og eins og hún ætti að vera, hve hægt er að sýnast og með því toga skýluna ofan fyrir augu almanna vitsins, og svo hversu miklar mætur hin kristna siðfræði leggur á það alment. Og mörgum skinhelgum hræsna

skaut skelk í bringu við að lesa þau orð. Og í hópi þeim, sem öllu vildi halda í gamla horfinu, varð hann vinsælda fár. Frá



Fjúrgarður Ibsens.

Því fyrsta hafa vinmæli kyrkjunnar í garð, hans verið fá, en verða þó að líkindum færri nú eftir að hann er danður, ef eftir vanda lætur. Hún hefir ætíð ræðist á menn er líkum skoðunum hafa þjónað, fyrst í lifanda lífi meðan nokkur var ávinningsvon, en þá eftir að þeir voru dauðir og hættir að geta borið hönd fyrir höfuð — Það er hættulaust að véga að ljóninu dauðu. — Matti þar minna á Darwin, er flestir hinna „sanntrúðu“ með mikillfátum heigulskap hafa verið að vinna vígamörk á eftir að spekingurinn var hniginn undir græna torfu.

Það er síður til innan kyrkjunnar, er margan hefir hneykslað. Það er útteiling holds og blóðs sem sálhjálpur meðals. En það er eins og hæðni örlaganna hafi fengið hienni þenna „helgidóm“ og bedið að geta vel, sem áþreifanlegan ytri vott um anda þann sem innan hennar ríkir, ofsóknina á hendur aðfanna göfugustu sonum og dætrum. Og um níttján aldir hefir hún meðdeilt sínum trúuðu holdi og blóði fleiri manna að þeim látnum eða líflátnum en „meistarans frá Galilea“, og öss er spurn, er það trúlegt, að Ibsen muni fremur sleppa hjá því, en hinir aðrir.

Það eru rúm þrjú ár síðan að einn helzti ríkiskyrkjuprestur þeirra Norðmannanna sagði í ræðu í Boston, að rit Ibsen ættu hvergi að finnast í húsum kristinna manna, og það gengi glæpi næst að leggja þau fram til lesturs á háskólunum. „Hið sama sögðu og allir hinir lærisveinarnir“.

En það er mest fyrir rit Ibsens hve mjög kensla í Norðurlandamálum og bókmentum hefir farið í vöxt á síðari árum í öllum helstu skólun þessa meginlands, því þörfin hefir orðið brýn á að nema norskuna, til þess að geta kynnst hugsjónum skáldsins. Og margar þær þúsundir, er norsku hafa stundað og numið, þekkja engan Noreg nema Noreg þeirra Ibsens og Björnsons. Og að dómi flestra sem óvilhallir eru, er það álitid vel, og að Noregur að fornu og nýju líði ekkert tjón þar við.

Skáldið er fæddur í smáþorpinu Skien í Noregi þann 20. Marz 1828. Foreldrar hans voru efnafólk fráman af og í miklum metum meðal þorpsbúa, en urðu fyrir stórkostlega fjártjóni, sem gjörði þau eignalaus um það leyti, sem skáldið

var 8 ára. Með eignunum hurfu vinirnir, er áður voru margir. Þau lifðu því í fátækt og nutu sín lífið meðal samtíðarmanna sinna. Skáldið átti því við þröng kjör að búa lengi framan af, og er það álit margra æfisögu skrifara hans, að frá uppvaxtarárunum hafi stafað hinir einkennilegu skapsmunir hans, er fylgdu honum síðan alla æfi og óbeit sú á almanna lofi og háverum glaumi, er hann aldrei gat losað sig við.

Er skáldið var 16 vetra fór hann að heiman og réðist sem apotekarasveinn í þorpi einu er Grimstað hét. Þjó hann þar skamma stund, því eins var þorpinu Grimstað varið og Björnson kemst að orði í „Fiskimærin“, „þar sem sílin hefir safnast undir landsteina myndast þorp“. Sálarlíf hans þarfnadist viðtækari sjóndeildarhrings en þaðan var. Hann fór því nokkru síðar með tilstyrk vinar síns til Kristjania-háskólans. Meðan hann dvaldi þar, tók hann hinn drjúgasta þátt í allri frelsisbaráttu Noregs yngri manna. Þar kyntist hann Björnson. Hann ætlaði að nema læknafræði, en hætti því innan skams. Og þótt það færist fyrir að hann yrði héraðs eða bæjar læknir í Noregi, þá hefir hann þó verið til síns síðasta dags landlæknir sinnar þjóðar. Enginn sá glöggar meinin en hann, enginn bætti þau fleiri.

Eftir 14 ára stríð fór hann af landi burt árið 1864 og dvaldi erlendis í 27 ár. En allan þann langa dag var þó hugurinn alltaf heima hjá landi sínu og þjóð. 1891 flutti hann heim aftur og settist að í höfuðstað landsins. Noregur var konunglaus þá, en skáldkonunga átti hann tvo, er ókrýnd höfuð báru yfir allan aðalsmanna flokk um víðan heim. 1898 var myndastytta af skáldinu reist upp í leikhúsgarði borgarinnar, til minningar um 70. afmælisár hans.

Einkennilegt er það, að í þessi síðastliðin 5 ár er Nobelsverðlaunið sænsku hafa verið veitt fyrir ágæti í bókmentalegu starfi að ekkert árið skyldi Ibsen vera úthlutað þau, og þar það sem Björnson hefir þó verið veitt þau, svo ekki er hægt að segja að fram hjá Noregi hafi alveg verið gengið. En Henryk Sienckiewicz og öðrum slíkum, er fengist hafa við að semja sögur upp úr sögunni, eru fengin þau með mikilli viðhöfn.

1857 kvongaðist Ibsen eftirlifandi ekkju sinni Susönnu Daae Thoresen. Sonur þeirra er Sigurður Ibsen innanríkisráðgjafi Noregs, og tengdasonur Björnstjerne Björnson.

Með dánarfregn skáldsins fylgir það að Noregur annist um útförina.

Það eru undarleg örlög þjóðanna. Fyrir andlegu frelsi þjóðar sinnar og mannskap og þrótt barðist hann fram á síðustu stund. Án rita hans og vinar hans söguskáldsins góða hefði Noregur aldrei náð frelsi. Þjóðin svæfi þar enn. En ná er hún frjáls og nú ætlar hún í þessum mánuði að vígja sér konung. En konungur hennar er látinn áður en hinn tekur við. Það er ef til vill vel. Andi skáldsins og mikilmennisins og stefnuskrá Hákonar konungs hefir aldrei orðið samferða í sögunni, alt frá launvíginu í Reykholti 1241.

Sofi skáldið rótt. Hann syrgir öll þjóðin. Og vér sem íslenzkt fólk, sem frjálstrúar fólk, vér megum syrgja hann líka. Um leið og hann og Björnson hafa barist baráttu Noregs hafa þeir og einnig barist vorri baráttu. Straumarnir að austan til landsins vors helga hafa verið ylheitir og höllir. Í stefnu þeirri sem þar hefir risið hefir og vor stefna styrkst og náð andlegum þrótt og lífi.

Það eru ekki tók að minnast hér á ritverk Ibseps svo í lagi sé, og sleppum vér því þess vegna. En minnast mætti á nöfn þeirra helztu, og eru þau þá: Brandur, Peer Gynt, Kærlighedens Komodie, Kongsemnerne, Samfundets Stötter, Gengangere, Et Dukkehjem, De Unges Forbund, En Folkefiende, Kejser og Galilæer, Lille Eyolf, Naar vi Døde Waagner o. s. v.

Æskilegt væri, að rit þessi gæti komist á bærilega íslenzku áður en mörg ár líða, svipað eins og þýðing séra Mattíasar á „Brandí“. Mættum vér gefa bending hversu það mætti takast? Segjum að alþingi legði til þess svoltinn styrk á ári hverju, en hvíldi nú heldur Biblíuþýðinguna um stund.



# Lesarinn.

EFTIR

MAXIM GORKI.

Það var komin nótt, er eg bjóst heimleiðis þaðan sem eg hafði verið að lesa fyrir kunninga mína fyrstu söguna eftir mig, sem birzt hafði á prenti. Eg hafði fengið heilmikið hrós fyrir hana og var eg því í góðu skapi, eins og gefur að skilja, og í tilefni af því hneigðist eg að ýmsum þægilegum hugleiðingum, finnandi þá til þess í fyrsta sinni á æfinni, er eg lötraði sem leið lá eftir þögulum götum borgarinnar, að það var þó gleðilegt að vera til.

Þetta var í Febrúarmánudi. Það var hreinviðri og skýlaus himinn, sveipaður stjörnuljóss hjúpi, loft var svalt og hressandi, jörðin þakin þykkri nýfallinni lognmjöll. Á limum trjáanna stirndi í snjóinn í tunglsskininu, en neðan undir þeim lá á leið minni skugganna margvíslegu myndakerfi. Engin lifandi vera sást nokkursstaðar og ekkert heyrðist utan marrið í snjónum undir fæti mér hvar sem eg sté. Það hljóð var það eina, sem rauf þögn þessarar nætur, sem mér er svo minnisföst.

Virkilega er þó talsvert í það varið að vera ekki sá lítilmótlegasti af meðbræðrunum, kom mér þá til hugar og hugmynda hagvirknin málaði með ósvikum litum framtíð mína.

„Jú, þú er ljómandi, það sem þú hefir ritað. Víst er um það“, kvað við rödd rétt fyrir aftan mig, og lá alvara í rómnunum.

Eg hrökk saman og leit við.

Dökkklæddur maður, lítill vexti, vék sér að hlið mér, góndi framan í mig og athugaði mig náíð og slóst í för með mér. Eg tók eftir því að hann glotti við og við svo undarlega napurlega. Alt var útlit og vaxtarlag hans skarpt og afmarkað, augnaráð hans, kinnbeinin, hakan og hökutoppurinn, — og virtist mér skuggamynd þessa litla manns einstaklega einkennileg. Hann gekk léttilega og eins og hann liði yfir snjóinn. Eg

hafði ekki orðið var við hann í samsætinu um kvöldið og þess vegna varð eg svo hissa þegar hann ávarpaði mig svo kunnuglega. Hvaðan var hann? Hver var hann?

„Hlýddir þú á lesturinn?“ spurði eg.

„Já, mér veittist sú ánægja“.

Hann talaði í fremur lágum róm. Varir hans voru þunnar; hið gisna skegg-hi haldi ekki bros þeirra. Það sat þar jafnt og stöðugt og féll mér það illa, því mér virtist það hafa í sér falið háð og fyrirlitningar beiskju, og var það á þeirri stundu, ekki kannske sem allra hugðnæmast fyrir mig. En svo var eg eins og áður er sagt, í svo góðu skapi, að eg lét þetta ekki á mér festa, og hvarf það eins og skuggi út í góðviðri sjálfsánægjunnar. Þannig gekk eg um stund við hlið hans og beið eftir því að hann hefði máls á einhverju; reyndar bjóst eg ekki við því að hann yki tölu ánægjustunda þeirra, er eg hafði notið þetta kveld. Maðurinn þráir þær gjarnan sem flestar. Og það er svo sjaldan að gæfan brosir við honum á svona þægilegan hátt.

„Er það ekki sælt að finna til þess, að maður er eitthvað annað en þetta algenga?“ spurði samferðamaður minn.

Eg sá ekkert sérlegt í spurningunni og bara samsinti.

„Ha, ha, ha!“ hló hann háðslega og neri saman kræklóttu loppunum.

„Þú ert spaugsamur“, sagði eg nokkuð þurlega, því það var ekki trútt um að hann móðgaði mig með hlátri sínum.

„Já, eg er spaugsamur“, mælti hann brosandí og kinkaði kalli. „Og svo er eg líka forvitinn. Mig langar til að vita—vitn alt.—Það er hið fyrsta og fremsta. Og þaðan kemur mér þor og dirfska. Til dæmis langar mig nú ósköp til þess að fá að vita hvað þessi frægð þín hefir kostað þig?“

Eg horfði á hann stundarkorn og svaraði síðan með dræmingi. „Og svo sem mánaðar tíma ritstarf . . . ef til vill rúmt það“.—

„Ó!“ tók hann fram í. „Létt verk og þar af leiðandi lítil lífsreynsla, sem í sjálfu sér kostar þó eitthvað.—En samt ekki mjög dýrkeypt þér, þar sem þú nú hefir þá ánægju að vita það,



að á vissum tímum lifa og hrærast nokkrar þúsundir manna í hugsunum þínum, er þeir lesa bækur þínar, og það kannske löngu eftir að þú ert dauður.—Ha, ha! Fyrir alt þetta mundi maður fúslega gefa meira en þú hefir gert. Er ekki svo?

Svo hló hann aftur hlátri, fyrirleitningar og starði á mig bitru svörtu hæðnisaugunum. „Mér gramdist dálítið háttalag þessa náunga og svaraði nokkuð fálega: „Forlattu—hver er það sem eg hefi þá ánægju að tala við?“

„Hver er eg? Þú veist það þá ekki? Jája, ætla þá ekki í þetta sinn að skýra þér frá því. Eða er þér það kannske meira áþíðandi að vita nafn mannsins en það, hvað hann hefir til að segja?“

„Langt frá.—En samt er það mjög undarlegt“.

Hann tók—eg veit ekki hvers vegna—um handlegginn á mér og hlakkaði í honum hláturinn.

„Látum það sýnast undarlegt, því ætti maður ekki einstökku sinnum að sleppa sér út yfir takmörk hversdagslegrar þróngsýni? Og ef það er ekki þér þvert um geð, þá skulum við nú tala saman blátt áfram og hreinskilnislega. Ímyndaðu þér nú að eg sé lesarinn—maður, sem mikið les og hnýsist í margt. Og nú langar mig að vita hvers vegna bækur eru ritaðar. Tökum þá eina af bókum þínum.—Höldum uppi samræðu. Hvað segir þú?“

„Ó, nú, já“, sagði eg.—„Með mestu ánægju“.

Slíkir fundir og slíkar umræður eru ekki dagsdaglegar. En vitaskuld hræsnaði eg, því mér fanst þetta sárleiðinlegt. Eg var altaf að hugsa um það eftir hverju hann væri að grafast, og því eg væri að eyða orðum við mér alveg ókunnan mann þarna um nótt úti á strætum. Samt hélt eg áfram með honum göngunni og reyndi til þess að sýnast glaðlegur og niðursokkinn í samtalið. En eg man svo langt, að það vildi ekki ganga greiðlega. En samt tókst mér að halda skapinu því hinu góða nokkurnveginn í jafnvægi og setti eg mér að halda mér í skefjum:

Við höfðum tunglið að baki okkur og skuggar okkar flatmögudu sig framundan okkur.

Þeir sameinuðust þar í svörtum bletti, sem ókst áfram eftir götunni. Og fanst mér, er eg virti þá fyrir mér, að eitthvað myndaðist þannig í huga mínum, eins svart og samtengt eins og þeir, og eins og þá sá eg það framundan mér. Samferðamaður minn hafði verið hljóður um hríð, svo hóf hann raust óhikað og með myndugleik, eins og sá sem fult vald hefir yfir hugsun og máli.

„Ekkert í lífinu er sérkennilegra né eftirtektaverðara en orsakirnar til mannanna breytni. Er ekki svo?“

Eg samsinti.

„Þú felst á þá skoðun. Svo skulum við þá tala bert og skorinort. Töpum ekki tækifærinu, en tölum eins og okkur býr í brjósti, því þú ert enn svo ungur“.

Undarlegur er hann, hugsaði eg og fór að verða forvitinn, svo eg spurði: „Hvað eiginlega áttu við?—Svona í svip.—Um hvað eigum við að tala?“

„Því ekki um það sem fyrst verður hendi næst?“ svaraði hann strax og einblíndi framan í mig, og tók svo til orða svo alúðlega eins og væri hann aldavinur minn: „Tölum um tilgang bókmentanna“.

„Eins og þér sýnist“, sagði eg.—Þó það sé nú orðið nokkuð framorðið að mér virðist“.

„Hvað? Það er ekki í ótíma fyrir þig“.

Mér þótti þetta svar nokkuð kynlegt.

Þessi orð voru sögð í slíkri alvöru og fullvissu að þau hljómuðu eins og goðspá. Eg stansaði og var búinn að hugsa mér spurningu, er eg ætlaði að leggja fyrir hann, en þá tók hann mig við hönd sér ofur lipurlega, en þó ákveðinn, og sagði: „Stansaðu ekki, því með mér ert þú á réttri leið“.

„Nógur formáli! Segðu mér hver er tilgangur bókmentanna? Þar er þitt verksvið og því átt þú þetta að vita“.

Undrandi varð eg nú enn meira en áður af nærgengni þessa manns. Hvers æskti hann? Hver var hann?

„Heyrðu“, sagði eg. „Lofaðu mér því, að það sem okkur fer hér á milli“.....—

„Hafa eitthvað sér til réttlætningar, trú þú mér. Það skeð-

ur ekkert í þessum heimi án orsaka; er ekki svo? Hröðum nú —ekki áfram, en dýpra“.

Þessi einkennilegi náungi var að sínu leyti eins eftirtekta-verður eins og hann var ertinn. Eg var nú orðinn óþolinmóður og vildi halda áfram, en hann fylgdi mér eftir og mælti rólega: „Eg skil þig. Það er erfitt að gera sér grein fyrir ákveðinni tilgangsstefnu bókmentanna. Samt skal freista þess fyrir þína hönd“.

Hann dró djúpt andann og horfði á mig brosandi.

„Þú verður mér sjálfsagt samdóma um það, að tilgangur bókmentanna sé sá, að kenna manninum að þekkja sjálfan sig, til að glæða hjá honum sjálfstraust, vekja hjá honum sannleiksprá, koma honum til þess að berjast móti því öfuga og illa í fari fólksins, kenna honum að finna það sem gott er í sálum manna, fylla þær á stundum með blygðun, reiði, krafti, í stuttu máli, gera alt til þess að menn verði göfugri, styrkari, hreinni og að síðustu, anda lífsins anda í hugskot þeirra með blænum hinnar heilögu fegurðar. Svona skil eg það. Það er hér fljótt yfir sögu farið, en bætum svo við svo mörgu öðru, er fegrar og betrar lífið. En segðu mér,—er þetta þín skoðun?“

„Já, það er mín skoðun“, sagði eg. Aðallega er það tilgangur bókmentanna að gera manninn göfugri.—Það er—það er eg sannfærður um“.

„Sjáðu þá hve mikilsvarðandi starf þú hefir með höndum“, sagði hann og hló eins og áður.

„En því ert þú að segja mér frá öllu þessu?“ spurði eg, án þess að láta hann sjá að eg tæki eftir því hve óendanleg hæðni og fyrirlitning skein út úr honum, er hann sagði þetta.

„Hvað sýnist þér nú um þetta. Segðu nú hreinskilnislega eins og þér finst þú skilja það“.

„Að tala hreinskilnislega“, sagði eg.

Eg leitaði í huga mínum, að einhverju kröftugu, en fann það ekki. Það hafði líka litla þýðingu að fjölyrða hér um. Maður þessi var ekki flón, og hann vissi sjálfsagt hve lítið er til meðal mannanna af hreinskilni og hve rammbygðilega þeir

eru bundnir í báða skó, og vildi eg nú gjarnan komast hjá því, að ræða meira um þetta efni, og bjó mig til að kveðja hann.

„Vertu nú sæll“, sagði eg kurteist og kalt og lyfti hattinum.

„Hvað er þetta?“ spurði hann þýðlega.

„Eg get vel verið án þessa spaugs, sem takmarkast af engu“.

„Blessaður farðu.—Það er í þínu valdi, en mundu það, að ef þú fer nú, þá sér þú mig aldrei aftur“.

Hann lagði áherzluna á orðið aldrei, svo það hljómaði fyrir eyrum mínum, eins og líkhringing. Eg hata og hræðist það orð. Það sker mig ætíð eins og kaldur og þungur hamar, og ef maður má svo að orði komast, er það, sem valið sé það af forlögnum til þess að mola vonir manna til agna. Þetta orð kyrsetti mig.

„Hvað er það eiginlega, sem þú ylt?“ spurði eg, og var eg orðinn fokreiður.

„Við skulum setjast hérna“, kvað hann og tók þétt í hönd mér og vék mér til hliðar.

„Við vorum kominir í einn lystigarð borgarinnar innundir kyrrar snjóþaktar greinar trjána. Tungllýstar héngu þær yfir höfði mínu og fanst mér þessar hörðu limar gráar af hélu og klaka, stingast gegnum sálu mína og kæla í mér hjartað. Eg var líka í vandræðum með það að geta nokkuð ráðið í það, hvað félagi minn mundi næst taka til bragðs. Mér datt í hug að ekki væri ólíklegt að hann væri geggður. Eg ásetti mér að gefa honum nánar gætur. Ekki veit eg hvernig hann varð þess arna var.“

„Þú heldur eg sé ekki heilbrigður?“

Sláðu þeirri grillu frá þér. Hún er skadleg. Er það ekki oft af svona heimsku, að við ekki skiljum þann sem frumlegri er en við sjálfir. Þetta orsakar andans afturhald, sem slítur og flækir hið aumkunarverða samband okkar manna.“

„Satt er það“, sagði eg, og nú var mér farið að líða verulega illa.

„En forláttu mér. Eg verð að fara. Það er kominn tími til þess“.

„Farðu þá“, mælti hann og ypti öxlum.

„En mundu það að þú eyðileggur sjálfan þig“.

Hann slepti á mér hendinni og ég fór.

Hann stóð eftir á ofurlitlum bring snjóþöktum og röndóttum af götuslóðum sem lágu niður að Volga. Framundan honum blöstu við breiðar, þögular og dapurlegar sléttur fyrir handan ána. Hann settist á bekk í garðinum og horfði í fjarlægðina auðu, en eg hélt áfram eftir trjágöngunum, fanst þó samt eins og eg ekki gæti farið algerlega burtu frá manni þessum. Samt gekk eg nú áfram og fór að hugleiða: Átti eg að ganga hrátt eða átti eg að fara mér hægt og láta hann sjá það, að eg væri ekki að flýja, og eg metti hann ekki að neinu.

Þá fór hann að blístra lág, sem eg kannaðist við, við skringilegan, en þó sorglegan söng, — sönginn um blinda manninn, sem valdi sér þann starfa, að vera leiðtogi blindra. Því skyldi hann vera að blístra einmitt þetta lag? kom mér þá til hugar. Þá mundi eg eftir því hvernig mér fanst eg vera inniluktur í undarlegum sérskiftum tilfinningum þegar eg fyrst sá hann, þennan mann.

Framh.



## Móðurmálið.

Eftirlíking af þýzkri söngvísu.

Er vindur hvín um vog og land,  
er ólgar brönn við hólum og sand,  
er ymur foss í fjallaþröng,  
er hljómar loft af lóusöng,  
er gnötrar ís, er gneistar bál, —  
eg heyri hljóm, eg heyri mál,  
er ómar hreint og hvelt sem stál—:  
Það er vort móðurmál.

[VIDAR]

# Úr trúarsögu Forn-Íslendinga.

EFTIR

HELGA PÉTURSSON.

(Úr Skírni)

Nulla res efficacius multitudinem  
regit quam superstitio.

CURTIUS.

Ólafur Tryggvason kristnaði Noreg, og af hans völdum komst kristni á hér á landi, eins og kunnugt er.

Það virðist í fljótu bragði næsta undarlegt, að þessi tíg erhjartaði víkingur þskyldi hafa svo brennandi áhuga á því að boða „trúarbrögð kærleikans“,—og illmennið Þangbrandur, einn aðalkristniboðinn á Íslandi, var þeim, er hann sendi, fyllilega samboðinn. En undrunin hverfur, er vér gætum betur að; Ólafur konungur braut Noreg til kristni og svalaði þannig sinni ríku drottinslund; valdafrekjan, að brjóta landsfólkið til hlýðni við sig, eigi einungis sem konung, heldur einnig sem trúboða, hefir að líkindum verið Ólafi Tryggvassyni aðalhvötin til trúboðsins. Sjálf var kristnin, sem svo harðlega var haldið að mönnum, um fram alt „nýr siður“; mannúðarhugmyndanna gætti fremur lítið, og hlutu þær ásamt afneitun holdsins og hinnu austrænu aðgerðalausú þolinmæði í þrautum, að vera mjög fjarri skapi þessu grimma og glæsilega rándýri.

Varla voru kristilegri ástæðurnar til kristnitökunnar en kristniboðsins. Það þarf ekki að taka þetta fram um þá, er voru þíndir til kristni, og mætti þó ef til vill fremur segja það um þá, en ýmsa af hinum, sem kristnir urðu af frjálsum vilja. Hvergi kemur fram sú skoðun, að sá, sem kastar heiðni og gjörast kristinn, kjósi sannleik, en hafni falstrú; aldrei er látið í ljósi, að Þórr og Óðinn eigi sér enga veru nema í hugum manna. Þegar víkingarnir taka kristni, þá er það af því að þeir ætla, að himnakonungurinn sé völdugri en guðir forfeðra þeirra; þeir taka hinn nýja sið af því að

þeir halda að hann muni vera þeim gagnsmeiri.<sup>1)</sup> —Fróðlegt er í þessu sambandi að minnst Helga magna, sem trúði á Krist, en treysti honum þó ekki þegar í hart færi, og hét á Þór til harðræða og sæfara. Jafnvel trúboðinn Þangbrandur efast ekki um að Þórr sé til. „Heyrt hefi ek“, segir Þangbrandur við Steinunni móður Skáld-Refs, „at Þórr var ekki nema mold og aska, ef guð vildi eigi at hann lifði“, en Steinunn segir aftur í vísunum (Þórr brá þvinnils dýri o. s. frv.), að Þórr hafi brotið skip Þangbrands, en Kristur og Guð ekki hlíft því eða gætt þess. Hér er einungis lögð áherzlan á það, hvor guðinn sé máttugri; hvorugt segir (eða er látið segja) að guð hins sé ímyndun ein.

Alveg í sömu átt benda þessi orð í Kristnisögu: „Um sumarit á þingi var mikil umræða um trúna, er Þangbrandur boðaði, og guðlöstuðu þá sumir menn mjök, en þeir er skírðir voru ámæltu goðunum, og var at því sveitardráttur mikill.“

Þá var það, sem Hjalti Skeggjason smánaði goðin og varð sekur fyrir. Flokkarnir níða hvor annars guði, líkt og um höfðingja væri að ræða. Þetta sýnir mjög átakanlega, hvað trúin á tilveru guðs var sterk, það má nærri geta, hvort það hefði ekki verið notað, ef einhverjum hefði hugkvæmst, að hin heiðnu goð væru hugmyndir einar; frekar var ekki unt að *smána* goðin, en gera þau að engu. En efunarmenn hafa engir verið þar til.

Þetta bendir á, að jafnvel ekki víkingar þeir, sem guðlausir voru nefndir, hafi í raun réttir verið trúlausir; að þeir trúá ekki á goðin, þýðir að eins, að þeir þykjast eiga meira undir sjálfum sér en goðunum, og vilja því ekki blóta. Karlmensku og sjálfstraust töldu víkingarnir æðstu dygðir, og því hlaut að reka að guðléysinu fyrir þeim, jafnframt því sem siðferðis hugmyndir þeirra fullkomnuðust, og urðu að sumu leyti mjög virð-

1) „Vikingarnir biðu oft ósigur í orustum sínum við Engla, Íra og aðra þrátt fyrir áheit á Óðin og Þór, og það lá nærri, að skoða ósigurinn sem ósigur goða þeirra og álíta, að guð kristinna manna eða Hvítakristur væri rammari eða fult eins sterkur.“ - Finnur Jónsson: Bókmentasaga Íslendinga, Khöfn. 1904, bls. 13.

ingarverðar.<sup>1)</sup> Guðleysi, samfara drenglyndi og orðheldni, einkennir beztu mennina þegar „heiðni“ Norðurlanda stóð í mestum blóma. En trúin á tilveru goðanna mun þó aldrei horfið hafa víkingunum.

Jafnvel eftir að kristnin varð ofan á, dó ekki trúin á hin fornu goð úr hugum manna, en hún breyttist og varð að hjátrú, og af því er ef til vill einmitt það orð leitt—goðin runnu að nokkru leyti saman við hinar kristnu hugmyndir um andskotann og ára hans.

Hinir heiðnu forfedur vorir voru fulltrúa á annað líf eftir þetta. En þeirri trú var svo háttað, að hún gat aldrei orðið, eða upp af henni spróttið, neitt andlegt kúgunarvald, sem beygði viljann og brjálaði skynsemina, eins og kyrkjuvaldið síðar. Himnaríkið sitt, Valhöll, áttu heiðingjarnir víst, væru þeir hraustir og drenglyndir og hefðu „þolað sár og sviða til banans“. Hjá þeim var ekkert klerkavalld, sem gat lokað þá úti frá sælustaðnum, þar sem þeir áttu að berjast á hverjum degi og fengu aldrei þann áverka að þeir væru úr leiknum, og þar sem þeir átu það kjöt, sem var „fleska bazt“ og óþrjótandi og urðu „fulldrukkni“ dag hvern að kveldi.

- 1) „Síðkenning norrænnar heiðni er með öllu spröttin upp úr edlisfari hins norræna kynflokk, heilnæm og heilbrigð, en að vísu einnig hardleg.... Síðkenning formanna stóð ekki í neinu verulegu sambandi við trúarbrögðin, heldur er hún þvert á móti óháð þeim frá rötum.“ Konrad v. Maurer: Die Bekehrung des Norwegischen Stammes zum Christentum II. 1856, bls. 188. Þessi orð hins fræga vísindamanns eru mjög eftirteljarverð, ekki sízt í sambandi við skóðanir þær, sem Th. Huxley — einn af vitrustu mönnum á öldinni sem leið, eins og kunnugt er — létur í ljósi í ritgerð sinni um breytingar þar sem á guðfræði verða. „Spánisháttir“ segir Huxley, „leitast sífellt við að losa síðkenninguna eða réttara sagt kenninguna um það, hvornig yr eignum að breyta svo vel sé, úr Glámsgreipum þeirrar guðfræði, sem mest gengi hefir í þann og þann svipinn.“ (Mjög hval. þýtt úr Collected essays, Vol. IV, bls. 46). Það ber vott um, hversu langt víkingarnir voru komnir í menningu, að þeir skyldu á algjörlega mannlegum en ekki „guðlegum“ grundvelli hafa komið sér upp breytnisreglum, sem lýsa má eins og Maurer gerir hér að ofan. Og ekki þarf annað en að minna á Arnór kerlingarnef eða Gunnar á Hlíðarenda til að sýna, að harkan var þar ekki einvöld.



Óþreyttari menn á lífinu er varla unt að hugsa sér en þá, sem gjörðu sér þessa hugmynd af sælustaðnum annars heims.

Verri staðarins gætir miklu minna í hugmyndum hinna heiðnu víkinga, og þurfti ekki að standa mikil ógn af honum.

Alt öðru máli er að gegna um kris'nina. Lýsingin á Paradís er fremur litardauf, en ekki verður slíkt sagt um „útmálan helvítis“. Helvíti kristinnar er óefað hræðilegasta grýlan, er mannsandinn hefir skapað sér, enda voru þar nögur fyrirmyndirnar að smíða eftir, í lífi mannanna, eins og vitringurinn Schopenhauer hefir svo hnitilega tekið fram.

Lífsleið kristins manns á miðöldunum má segja að legið hafi eftir vandfórnum tæpastig, þar sem sjóðandi helvítið vall fyrir neðan. Dygdir víkingsins stoðuðu ekkert á þessari leið; þar stoðaði ekkert hreysti og harðfengi, heldur ekki hreinlyndi og orðheldni. Handleiðsla kyrkjunnar var það sem við þurfti, og nyti hennar ekki við, þá hrapaði maðurinn við andlátíð niður í þann eilífa eld.

Á þessu bygðist nú einkum ógnarvald kyrkjunnar.

Óttinn við helvíti reyndist að vísu vanalegast ónógur mönn um til þess að þeir lifðu eftir siðferðisreglum kyrkjunnar, þeim sem komu mest í bága við eðli þeirra. Menn gátu tekið lausn af kyrkjunni, og var það þá, sem þeir hefðu ekki syndgað. Þetta atríði mun hafa átt drjúgan þátt í því að gera niðja hinna drenglyndu og orðheldnu heiðingja að svikurum og meinsæris-mönnum Sturlunga-aldarinnar<sup>1)</sup>, og hefir það í aðra röndina dregið jafn mikið úr skeltingunni fyrir helvíti eins og það hins vegar jók á lotninguna fyrir kyrkjunni. Til að skýra það að óttinn við helvíti hefði ekki eins gagngjörð áhrif á daglega breytni manna og vænta mátti, verður enn fremur að benda á, hversu skammstýrn er ímyndun mannanna; nálæg hagsvon dregur þá meir en fjarlægjar ógnir aga þá, hversu geigvænlegar sem eru. Og dauðann hyggja menn sér vanalega fjarlægjan; það hefir jafnvel sagt verið, að enginn trúi til fulls á dauða sinn

1) Konráð Maurer telur svo djúpt í árinna, að hann telur siðaskiftin hafa átt drýgsta þáttinn í spillingu Sturlungualdarinnar. M.: Ísland, bls. 276.

fyr en að ber; er það að vísu sjálfsgætt of djúpt tekið í árinni, en þó varla eins um of og ýmsum mun virðast.

En hvað sem þessu líður, þá var enginn svo ímyndunarsljór, að ekki myndi hann á banastundunni eftir ógnum helvítis. Hinar marg- endurteknu og mergjuðu lýsingar prestanna á kvalastaðnum—sem til dæmis Sólarljóð gefa nokkra hugmynd um—stóðu manningnum þá fyrir hugskotssjónum, og óttinn við dauðann gat af sér enn þá voðalegri skelfingu.

Þeir, sem gerast banvænir, eða eiga sér víst líflát, hegða sér því mjög ólíkt eftir því, hvort þeir trúa á helvíti eða ekki; og með því að íhuga það, sem í sögunum segir um þessi atriði, getum vér fengið mjög merkilega fræðslu um kristnisögu Íslands—í víðari merkingu— og um mannseðlið.

Á þann hátt, sem vikið var á, getum vér nú séð, hvernig kristnar trúarhugmyndir eru veikar framan af, en fá meira og meira vald yfir hugum manna, unz þær á hinni blóðugu Sturlungaöld eru orðnar svo magnaðar, að menn kjósa einatt heldur að láta líf—þegar í tvísýni er komið—heldur en að brjóta á móti þeim. Enn þá seinna hertekur kyrkjutrúin alveg hugina, og hið „skynsamlega vit“ fyrri manna hverfur að mestu hjá niðjum þeirra.

Eftir trú heiðingjanna er það, eins og áður er á vikið, mjög skiljanlegt, að þeir biðjist ekki hofgoðafundar þó að þeir gjörist banvænir eður eigi að líflátast. Og fyrst eftir að kristni er lögtekin á Íslandi virðist ekki hafa orðið mikil breyting á því hvernig menn verða við dauða sínum að þessu leyti. Þess er ekki getið, að menn skriftist á undan bardögum eða hrópi á prest er þeir falla óvígir.

Þó eru þess dæmi, að óttinn við helvíti kemur fram þegar á söguöldinni.

Andlátsvísa Hallfréðar vandræðaskálds er mjög fróðleg í þessu efni og eftirtektaverð:

Ek munda nú andask,  
úngr vask harðr í tungu,  
senn, ef sálu minni,  
sorglaust, vissak borgit;

veitk at vætki of sýtik,  
valdi guð hvar aldri  
(dauðr verður hverr), nema hræðumk  
helvíti, skal slíta.

Þetta er andlátssálmur kristins manns. En aðalatriði trú-  
arjátningar hans er óttinn við helvíti, þessi alveg nýi ótti, sem  
víkingarnir höfðu ekkert af að segja. Hallfreður getur ekki dá-  
ið kvíðalaus, af því að hann er ekki viss um að verða sáluhólp-  
inn, eins og síðar var að orði komist. Eins og Þórir jökull  
síðar, huggar Hallfreður sig við, að allir verði að deyja, og sýt-  
ir ekki beinlínis þess vegna; en hann tekur það fram með ber-  
um orðum, að hann hræðist helvíti. Það er farið að skyggja  
undir myrkur miðaldanna, sem síðar færðist yfir landið.

Nokkru síðar en Hallfreður deyr, er brendur inni Njáll og  
synir hans. Þegar menn ræða um Njálu, er algengt að þeir  
láti í ljósi undrun sína á aðferð Njáls í þessu síðasta máli hans.  
Hann virðist undir niðri vera því mótfallinn að sættir komist á,  
og þegar Flosi kemur að Bergþórshvoli með flokk sinn, vill  
hann ekki lofa sonum sínum að berjast úti, og fara þeir inn  
með honum, þó að þeir sjái þá sitt óvænna.

Þeir Flosi gjöra nú „stór bál fyrir öllum dyrum. Tók þá  
kvennalíðit illa at þola þat er inni var. Njáll mælti til  
þeirra: „verðit vel við ok mælit eigi æðru; því at él eitt mun  
vera—ok skyldi langt til annars slíks. Trúid þér ok því, at  
guð er miskunnsamr, ok mun hann oss eigi láta brenna bæði  
þessa heims og annars“. (Njála, 129. kap.)

Njállssynir höfðu vegið Höskuld Hvítanesgoða og féll Njáli  
það svo þungt, að hann vildi heldur „hafa látið tvá sonu sína  
ok lifði Höskuldr“. Njáll hafði verið kristninni hlyntur frá  
því er hún var fyrst boðuð hér á landi og er látinn segja: „svá  
lízt mér, sem hinn nýi átrúnaðr muni vera miklu betri ok sá  
muni sæll er þann fær heldr“ (100. kap.).

Sú hugsun, að guð refsir harðlega fyrir það, sem honum er  
á móti gjört, hlaut að vera sérlega skýr fyrir hinum vitra Njáli,  
lögspekingnum; himnakonungurinn var í þessu efni svo gagn-  
líkur jarðneskum konungum er menn höfðu kynni eða spurnir

af, og dýflissa hans —helvíti— var miklu voðalegri en dýflissa þökkurs jarðnesks konungs.

Synir Njáls höfðu nú framið eitthvert hið versta ódæði, er þeir drápa Höskuld, og Njáll gat ekki gengið þess duldur, að helvítis eldur væri þeim víð—og hvað stóðaði þi að sættast við ættingja Höskuldar? Hér þurfti góðra ráða við, og hinn ráðagóði Njáll fann það er hann huði að vel mundi gefast. En það var að láta brenna inni syni sína. Sjálfur vildi hann inni brenna með þeim, til þess ekki að þurfa að hefna þeirra. Vonaði hann, að guð væri svo miskunnsamur, að hann mundi eigi láta brenna sonu sína bæði þessa heims og annars, — fyrst á Bergþórshvoli, en síðan í helvíti.

Njáli kemur ekki til hugar, að láta syni sína skriftast og taka lausnir, og ekki getur þess, að nenn þar á Bergþórshvoli sakni prests eða biðji fyrir sér akallega—eins og Gissur Þorvaldsson í Flugumýrabrennu. — Er þetta atriði fremur til að gera söguni alla se mule, a, þegar þess er gætt, hversu kristnin var þá ung, og kykjuvaðið á Íslandi.

En í andlátssálmí Halfréðar, sem auðvitað er traustara sönnunargagn en Brennusagan, er eins og prestaundarþörfin gægist fram, enda ber þess að gæta, að Halfréður hafði tekið kristni erlendis og dvalið þar lengi, það var fyrir fortölur sjálfs „postulakonungsins“ Ólafs Tryggvasonar að hann var

neyddr frá Njarðar

niðjum, Krist að biðja.

Í frásögunni um brennuna rekur meistariinn smiðshöggið á skapferlislýsingu Njáls, vitringurinn er sjálfum sér sankvæmur fram á sitt dánardægur. Einmitt af því að hann er „langsýnn ok drenglyndr“ velur hann sonum sínum og sér hinn versta dauðdaga.

Líklega hefir slíkt, sem nú var sagt frá, verið sjaldgæft í fyrstu kristni á Íslandi, en hitt miklu algengara, að menn hafa dáíð eins og þeir vissu ekki af helvíti. Eg ætla að eins að minna á andlát Jökuls Bárðarsonar. Svo segir Snorri: „Þat er hér skjótast af at segja, er síðarr varð mjök miklu, at Jökull varð fyrir liði Ólafs konungs á Gotlandi ok varð handtekinn,

ok lét konungr hann til högggs leiða, ok var vöndr snúinn í hár honum ok hélt á maðr. Settisk Jökull niðr á bakka nökkurn, þá réð maðr til at höggva hann, en er heyrði hvininn, réttisk hann upp ok kom höggit í höfuð honum, ok varð mikit sár; sá konungr at þat var banasár; það konungr þá hætta við hann. Jökull sat upp ok orti þá vísu:

Svíða sár af mæði  
setit hefk oft við betra  
und es á oss sús sprændi  
ótraud legi rauðum;  
byss mér blóð úr þessi  
ben; tek við þrek venjask;  
verpr hjálgöfugr hilmir  
heiðsær á mik reiði.

Síðan dó Jökull."

Kristinn að nafni til hefir Jökull Bárðarson hlotið að vera; en hvergi kemur það fram í þessari vísu, sem er eins og stillilegt andvarp hins helsærða manns um leið og hann lítur yfir liðna æfi.

Þegar að því er gætt, hverjig kristnin komst á hér á landi, er heldur ekki við því að búast, að kristnar hugmyndir séu orðnar algengar skömmu eftir árið 1000.

Það voru pólitískar ástæður, eða með öðrum orðum frekja sumra til fjár og valda, en fastheldni annara við þessi sömu gaði, sem réð mestu um kristnitökuna á Íslandi. Líkt var um siðabótina síðar, þar er það ásælni konungsvaldsins, sem mestu ræður um siðaskiftin. En hvorttveggi voru siðaskiftin frá þjóðlegu sjónarmiði hið mesta ólán fyrir Ísland.<sup>1</sup>

Dr. Björn Ólsen hefir af miklum skarpleik sýnt fram á, hvernig kristnitakan muni hafa orðið niðurstaðan af flokkaskiftunum skömmu fyrir 1000; hinir „nýju höfðingjar“ styðja kristnina ekki sízt til þess að efla sig til valda, en gömlu goðarnir,

1) Það er að nokkru leyti frá því sjónarmiði, sem Þorsteinn Erlingsson kveður svo snjalt um kristnitökuna í kvæðinu „Örlög gudanna“. En að siðabótin var fyrst og fremst stjórnarbylting og sú ekki til hins betra, hefir Jón Jónsson sagnfr. mjög vel tekið fram í bók sinni „Íslenskt þjóðerni“.

hinir sjálfsögðu forvígismenn heiðninnar, velja þó floks „heldur að taka kristni en að eiga það á hættu að missa veldi sitt.“

Goðarnir voru, eins og edlilegt er, ekki svo framsýnir að þær sæu hversu kristnitakan hlaut að verða upphaf að endalokum íslenska ríkisins.

En merkilegt dæmi er það um hæðni forlaganna, að um leið og íslensku höfðingjarnir hyggjast sjá sínum eigin yfirráðum borgið, höggva þeir á ræturnar undir valdi niðja sinna.

Það sem oss skiftir mestu í þessu sambandi, sem hér er í hugað, er að fá einhverja hugmynd um það, hvernig kristnin kristnin ruddi sér til rúms „í hjörtunum“.

Líklega hefir það verið helvítis-kenningin, sem einna bezt andirbjó hinn grýtta jarðveg undir hið annað útsæði kyrkjunnar. Vér höfum séð, hversu óttinn við helvíti var það atríði trúarinnar, sem ríkast var í huga Hallfreðar vandræðaskálds, og svo mun hafa verið um fleiri. Og það hlaut að bíta á sálir þeirra, sem umhverfis stóðu, og kveikja eða efla hið kristilega hugarfar, að sjá hvernig hinir deyjandi menn bugðust af ótta við kvalastaðinn.

Það má líka nærri geta, hvef þeir verið aðalefnið í áminningarræðum prestanna. Getið er um ræðu frá lokum 11. aldar, sem gefur dálitla hugmynd um þetta. Jón Ögmundsson, sem síðar varð fyrsti biskup á Hólum, en þar næst heilagur, talar um fyrir Magnúsi konungi berbein, er hann vildi láta taka af lífi Gisl Illugason, sem drepið hafði Gjalvald, hirðmann konungs.

„Hyggit at nú, herra konungr, hvárr eldrinn muni vera heitari ok langærri, sá lagðr er í eikistokkinn, er gerr er um ofninn, eðr hinn, sem kveiktr er í þurru limi. Nú, ef þú, konungr, dæmir ranga dóma, þá mun þér orpið í þann eldinn, er í eikistokkinn er lagðr; en ef þú dæmir rétta dóma, eftir þínu viti, þá er þó ván, að þú skírir þik í hreinsunareldi, þeim er af þurru limi er gerr“.

Þetta þótti konungi „strítt talat“.

Þó leynir það sér ekki, að íslenska kristnin er enn á

bernskuskeiði þegar þessi ræða er flutt, og er helvíti hins heilaga Jóns ekki neitt hjá því sem síðar varð.

Sagt er frá atviki seint á 12. öld (um 1170), sem bendir til þess, hvernig trúin á helvíti ruddi sér til rúms, og hvernig hún ólst við hatur og heftrækni. Það hefir verið ekki lítil fróun hefningjörnum mönnum, að hugsa sér óvini sína í kvalastaðnum; en ekki þarf mörgum orðum um það að eyða, hversu óheppileg áhrif trúin á helvíti, einnig að þessu leyti, muni hafa haft á hugarfarið.

Umrenningur kemur að Hvammi; spyr Sturla hann margs og fær að vita, að hann hafi komið í Hítárdal, þar sem óvinur hans, Þorleifur beiskaldi bjó.

„Hversu mátti Þorleifur?“ sagði Sturla. „Því var betr, at hann mátti vel“, segir ferðamaðrinn. „Já, sagði Sturla, „svá mun vera; því at allar kvalar munu honum sparðar til annars heims“.

Umrenningurinn kemur síðar á árinu í Hítárdal. „Þorleifr beiskaldi var spurull við hann, ok frétti: „Komtú ór Fjörðum vestan?“ Ferðamaðr sagði svo vera. Þorleifr spurði: „hversu er þangat ært?“ Hann segir þar gott. „nema sótt görðisk þar nú mikil“. Þorleifr mælti: „Komtú í Hvamm?“ Já“, sagði hann. „Hversu mátti Sturla bóndi?“ „Vel mátti hann“, segir ferðamaðr, „er ek fór vestr; en nú lá hann er ek fór vestan, ok var mjök tekinn“. „Svá mun vera“, sagði Þorleifr; „hann mun nú hafa illt en hálfu verra síðarr“.

Í þessari sögu er engin lýsing af helvíti. En hér um bil 100 árum síðar en Jón Ögmundsson talaði fyrir Magnúsi konungi berbein, verður leiðsla Rannveigar, og fáum vér þar mjög merkilega fræðslu um helvíti, þar sem timburstokkar eru ekki einir um að hita. Það er þar ekki ofn, heldur brennisteinshver, sem er fyrirmynd hugans í helvítissmíðunum.

Rannveig hét kona austur í Fjörðum; „hon fylgðe preste þeim er Auðunn hét; hon hafðe fylgt öðrum preste áðr“. (Hún var því að þessu leyti mjög vel til fallin að fá slíka vitrun, eins og Maurer drepur á). „Hon var í mörgu lage trúmaðr mikill, þótt henne sæist lítt um þetta“. Rannveig fellur í dá, en þeg-

ar hún raknar við, segir hún vitrun sína Guðmundi Arasyni, sem þá var prestur. Fjandar grípa hana og draga yfir hraun og klungur, „en þar er þau fóro sá hon kvalar margar ok menn í kvölunum; en þeir fóro með hana, unz þeir kómu at þar hon sá fire sér því líkast sem være ketill mikill, edr pyttr djúpr ok víðr ok í bik vellanda, en umhverfis eldr brennande. Þar sá hon marga menn, bæde lifendr[!] ok dauða, ok hon kende suma þar. Hon sá þar alla nær höfðingja ólérða, þá er illa fóro með því valde er þeir höfðo“. [Þess vegna varð líka að sjá þar „lifendr“; annars hefði Guðmundi presti verið minni hjálp í vitruninni].

Þúkarnir ætla nú að steypa Rannveigu í pyttinn vellandi fyrir saurlífnað hennar og önnur afbrot, og fær maður þar að vita, að þúkar geta verið eins fullir vandlætningar eins og guðbræddustu menn. (Trúvendararnir (inkvisitorarnir) hafa aftur sýnt, að guðbræddustu menn geta á stundum haft gaman af að haga sér eins og þúkar, kvalið menn á allar lundir og loks dregið þá á bál). En fyrir tilstyrk helgra manna bjargast Rannveig og fær að eins nokkrar slettur. Miðar síðari hluti vitrunarinnar að því að sýna hverjir helgastir hafi verið af biskupunum og svo að því hvílikur dýrdarmaður sé Guðmundur prestur Arason, og er spáð, að hann muni verða mestur „upphaldsmaðr lande þesso“ með bænum sínum. Guðmundur góði var yfir höfuð mjög vinsæll af kvennþjóðinni.

Þessi vitrun—og aðrar líkar—hefir nú sjálfsagt styrkt mjög kristnina, bæði beinlínis, með því að auka mönnum ótta við helvíti, og eins óbeinlínis, með því að efla trúna á heilagleika þeirra, sem síðar urðu dýrdlingar.

(Niðurlag.)

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.—Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbygggingunni austan við Unitarakyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man.

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gíslí Jónsson, Winnipeg Man.